

Viðbrögð við hótunum og ofbeldi í skólum

Vinnuumhverfisnefnd Kennarasambands Íslands hefur þýtt og staðfært eftirfarandi efni frá Branchefællesskaber for Arbejdsmiljø (BFA) í Danmörku. Hér á eftir fara sex sniðmát sem ætluð eru til að efla öryggismenningu í skólum og draga úr áhættuþáttum eins og ofbeldi. Rannsóknir á Norðurlöndum sýna að hótanir og ofbeldi gegn kennurum (bæði andlegt og líkamlegt) í skólum er vaxandi vandamál og við því þarf að bregðast. Sniðmátin sex tengjast atvikaskráningu, gerð áhættumats og viðbragðsáætlana.

Sniðmát - yfirlit

- | | |
|-----------------------------------------|------------------------------------------------------------------|
| 1. Atvikaskráning | Leiðarvísir og atvikaskráningarblað starfsfólks skóla |
| 2. Parfaggreining | Parfaggreining fyrir áhættumat |
| 3. Áhættumat | Undirbúningur og gerð áhættumats |
| 4. Viðbragðsáætlun | Viðbragðsáætlun, úrvinnsla og eftirfylgni fyrir starfsfólk |
| 5. Sálræn skyndihjálpar | Framkvæmd sálrænnar skyndihjálpar meðal jafningja |
| 6. Forvarnir | Starfsmannafundur og hópvinna í forvarnarskyni fyrir stjórnendur |

1. Atvikaskráning

Leiðarvísir og skráningarblað starfsfólks skóla

Mikilvægt er að kortleggja þau atvik í skólum sem tengjast hótunum og ofbeldi svo læra megi af þeim og fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Hér má finna skráningareyðublað þar sem atvik er skráð kerfisbundið og metið (þetta blað má einfalda og/eða fjölfalda og dreifa til starfsfólks svo skráning verði almenn), þannig má styrkja öryggismenningu vinnustaðarins.

Leiðbeiningar með skráningu

1. Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir atvikaskráningu en getur falið öðrum að halda utanum hana. Alltaf þarf að láta skólastjórnanda vita ef hótun eða ofbeldi hefur átt sér stað, líka þegar starfsmaður er í vafa um hvort atvikið skiptir máli.

Öll atvik skulu skráð hvort sem líkamlegir áverkar verða eða ekki. Veita þarf andlegum áverkum sérstaka athygli.

2. Öryggistrúnaðarmaður/trúnaðarmaður aðstoðar við skráningu atviks með þeim sem lend-a/ir í því ef þörf er á.
3. Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir endurskoðun og breytingum viðbragðsáætlunar sem hann gerir í samvinnu við öryggisnefnd/öryggistrúnaðarmann.
4. Stjórnandi er ábyrgur fyrir kynningu viðbragðsáætlana og virkni þeirra en getur falið öðrum verkið.
5. Stjórnandi er ábyrgur fyrir því að starfsfólk sé vel upplýst um viðbragðsáætlanir og allar breytingar á þeim en getur falið öðrum ábyrgðina.



Geyma skal afrit af atvikaskráningu í gögnum allra viðkomandi aðila og halda skal skrá yfir ofbeldisatvik á einum stað.

Tillaga að atvikaskráningu – skráning einstaklings eða viðtal

Dagsetning:

Útfyllt af:

Lýstu atvikinu

- Hver er aðdragandi þess að vandinn er tilkynntur?
- Hvað gerðist?
- Hvenær gerðist það?
- Hvar gerðist það?
- Við hvaða aðstæður?
- Eru atvik endurtekin?

Lýstu viðbrögðum við atvikinu – trúnaðarbók - varðveisla sönnunargagna

- Hverjir áttu í hlut?
- Hvernig brugðust hlutaðeigandi við?
- Hvernig brugðust starfsfélagar við? (líkamstjáning, raddbeiting, líkamlegt inngríp)
- Lýstu því sem vel var gert.
- Hvaða hættu hefði skapast af aðgerðaleyzi?

Hvernig á að vinna úr vandanum?

- Hefur eitthvað þessu líkt gerst áður?
- Hverjir bera ábyrgð á að úr vandanum verði unnið?
- Á að rannsaka málið? Ef ekki, af hverju?
- Mun málið verða rannsakað innanhúss eða fenginn utanaðkomandi?
- Hvaða hættu skapast ef ekkert er að gert?

Lýstu því hvaða lærdóm má draga af viðbrögðunum

- Var rétt brugðist við?
- Hvað eigum við að forðast?
- Hvað eigum við að gera meira af?
- Þarf að breyta viðbragðsáætlun?



2. Parfagreining fyrir áhættumat

Leiðarvísir fyrir stjórnendur og öryggistrúnaðarmenn

Með þessum leiðarvísi getur stjórnandi/öryggistrúnaðarmaður og/eða öryggisnefnd skólans kannað hvort leiðbeiningar í skólanum séu fullnægjandi og ef ekki komið með ábendingar um úrbætur.

Fyllt út af: _____ Dagsetning: _____

Spurningar – svar: Já/nei	Þetta þurfum við að gera:
Er búið að skilgreina líkamlegt og andlegt ofbeldi í samvinnu við starfsfólk? Þar með talin mörk hvers og eins.	
Er búið að skilgreina hættuna á ágreiningi, ofbeldi og hótunum í skólanum?	
Er til áætlun um forvarnir?	
Er til viðbragðsáætlun vegna hótana og ofbeldis?	
Er skýrt hverjir bera ábyrgð á forvörnum, viðbragðsáætlun og úrvinnslu þeirra atvika sem upp koma?	
Hafa áhættuflokkar atvika verið skilgreindir?	
Er starfsfólk þjálfað í sálrænni skyndihjálpi?	
Eru verkferlar skýrir þegar tilkynna þarf atvik til Vinnueftirlitsins, Sjúkratrygginga Íslands, lögreglu og tryggingafélags?	
Eigum við kynningarefni og fjöllum reglulega á starfsmannafundum um hótanir og ofbeldi þannig að starfsfólk þekkir viðbragðsáætlanir?	
Er móttaka nýrra starfsmanna í föstum skorðum? Fá þeir kynningu á viðbragðsáætlunum, ferlum og leiðbeiningum?	
Á starfsfólk kost á stuðningi og námskeiðum t.d. til að læra t.d. að jafna ágreining, agastjórnun og sálræna skyndihjálpi?	
Eigum við verkferla til að skrá, greina og draga lærdóm af hótunum og ofbeldi?	
Hafa viðbragðsáætlanir, leiðbeiningar og ferlar verið endurskoðaðir nýlega?	
Er öllu starfsfólki ljóst hvernig skráning og tilkynningar atvika fara fram?	
Hvernig skráum við atvik? Póstfang?	



3. Áhættumat – undirbúningur

Stjórnendur og öryggisráðgjafarmenn/öryggisnefnd þurfa að meta hættuna á hótunum og ofbeldi í tengslum við það starf sem fram fer. Kí mælir með því að áhættumatið byggji á samtali við starfsfólk eða vinnufundi með starfsfólki. Þannig fæst yfirsýn yfir það hvar og hvenær hætta er á atvikunum, og hvort ástæða sé til að breyta leiðbeiningum, viðbragðsáætlunum eða öðrum verkferlum skólans Mikilvægt er að hver og einn þekki sín mörk og að skólasamfélagið sameinist um skilgreiningu á því hvar mörkin liggja. Hvenær er gengið of langt? Mikilvægt er að ræða þetta einnig við nemendur svo þeir þekki mörkin. Ennfremur þarf að setja upp áhættumat fyrir hvert tilvik.

Vinnsla:

Veljið ritara sem punktar hjá sér. Ræðið fyrst spurningarnar í kössunum fjórum. Í kjölfar þeirrar umræðu getið þið svo ákveðið hvað eigi að gera öðruvísi héðan í frá til að minnka hættuna á hótunum og ofbeldi.

Áhættumat skóla

Hvers konar hótunum eða ofbeldi getum við átt hættu á?	Hvar og hvenær er hættan mest? (T.d. þegar við vinnum ein.)
Hve oft og hversu alvarlega upplifum við hótanir og ofbeldi?	Hafa atvik átt sér stað innan eða utan skólans áður?
Hvernig atvik eru hættumest ? - Sami gerandi? - Hótanir?	Hvernig atvik hafa minna vægi ?
Hvernig atvik hafa minnst vægi ?	

Niðurstaða:

Í ljósi umræðunnar um hættuna ættum við héðan í frá að gera eftirfarandi:

Rauð atvik tilkynnast skólastjórnendum

Gul atvik eru skráð í atvikaskrá af _____

Græn atvik skráir starfsmaður hjá sér eða tilkynnir _____



4. Viðbragðsáætlun

Vinna þarf viðbragðsáætlun um hvernig bregðast á við og vinna úr hótunum og ofbeldi. Í henni þarf að koma fram hver gerir hvað þegar starfsfólk verður fyrir hótunum eða ofbeldi. Allt starfsfólk skólans þarf að þekkja áætlunina – einnig afleysingafólk, nemandur og nýtt starfsfólk. Foreldrar eiga einnig rétt á að þekkja viðbragðsáætlunina.

Skólastjórnandi ber ábyrgð á viðbragðsáætluninni og uppfærslum hennar.

Meðan á atviki stendur

Ef starfsfólk verður fyrir ofbeldi erum við sammála um að gera eftirfarandi:

Sýna yfirvegum og varkárni í samskiptum og reyna að útkljá deilumál með því að _____

Dreifra athyglinni og aðstoða hvert annað með því að _____

Grípa þarf inn í þar sem ógn starfar af barni; bæði því sjálfu og öðrum börnum. Mikilvægt er að forða börum frá einstaklingnum. A.m.k. tveir kennarar þurfa að vinna saman að því, annar er hjá barninu og hinn forðar hópnum.

Stjórnendur og kennarar þurfa að ákveða hvort beita eigi líkamlegu inngripi við ákveðnar aðstæður. Fá þarf leyfi foreldra. **Líkamlegt inngrip er neyðarúrræði.** Aðeins kennari með sérþekkingu á líkamlegu inngripi má beita því. Starfsfólk vinnur saman. Tafarlaust skal látið af inngripi um leið og hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá.

Nauðsynlegt er að hafa skriflega **viðbragðsáætlun** um hvenær og hvernig beita eigi líkamlegu inngripi. Viðbragðsáætlanir skóla skulu vera byggðar á fyrirbyggjandi aðgerðum, viðbrögðum við óvæntri hættu og eftirfylgni. Viðbragðsáætlanir skulu ekki aðeins kynntar starfsfólki heldur einnig foreldrum og nemendum.

Atvikaskráning er nauðsynleg. Samkvæmt reglugerðinni skal atvikaskráning fela í sér (1) lýsingu á aðdraganda, (2) lýsingu á atburðinum sjálfum og (3) mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi. Æskilegt er að vista atvikaskráningu í gögnum starfsmanns og nemanda (sjá 1. Atvikaskráning).

Sálræn skyndihjálpi – meta þarf hvort hlutaðeigandi þurfi sálræna skyndihjálpi (sjá næsta blaði)

Vitni eða eftirtaldir einstaklingar munu kalla á hjálpi _____ eða



Strax eftir atvikið

Starfsfólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi á að fá sálræna skyndihjálp eða stuðning eins fljótt og hægt er. Láta þarf skólastjórnanda vita um atvik strax.

Ef nauðsynlegt er að hafa samband við nánustu ættingja, er listi með upplýsingum um nöfn og símanúmer hjá: _____

Sá sem verður fyrir atviki ber ábyrgð á að tilkynna skólastjórnanda samdægurs. Gott er að senda tilkynningu einnig í tölvupósti til að tryggja atvikaskráningu.

Skólastjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna öryggistrúnaðarmanni samdægurs.

Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir tilkynningu atviks til barnaverndarþjónustu (barnaverndarþjónusta rannsakar mál og metur hvort þörf sé á íhlutun).

Skólastjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna öðru starfsfólki á vinnustaðnum/deildinni innan _____ daga eftir því sem við á. Huga þarf að persónuvernd.

Tilkynna ber atvikið strax til Vinnueftirlitsins. Ef áverkar verða skal einnig tilkynna til Sjúkratrygginga Íslands og tryggingafélaga skóla og starfsmanns. Auk þess skal leita til heilsugæslu/bráðamóttöku og fá áverkavottorð svo fljótt sem auðið er. Skólastjórnandi ber ábyrgð á því. Kalla skal strax til lögreglu og óska eftir lögregluskýrslu eftir því sem við á.¹

Geyma skal afrit af atvikaskráningu í gögnum allra viðkomandi aðila og halda skal skrá yfir ofbeldisatvik á einum stað.

Eftirfylgni og lærdómur

1-2 vikum eftir atvikið ber skólastjórnandi ábyrgð á að atvikið sé rætt af öryggisnefnd/stjórnanda og öryggistrúnaðarmanni og viðbrögð athuguð. Má bæta eitthvað í viðbragðsáætluninni?

Ákveðið er hvernig málið verður unnið áfram eða hvort því sé lokið.

Viðbragðsáætlunina verður að yfirfara og uppfæra a.m.k. árlega og ber skólastjórnandi ábyrgð á því.

Viðbragðsáætlunin var síðast uppfærð (dags. og ár) _____ af

¹ Óska skal eftir lögregluskýrslu a.m.k. í eftirfarandi tilvikum:

- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffærum, drukknun, umferðaslys.
- Höfuðhögg. Heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Brunaslys. Ef meira en 8-10% af líkamanum eru brenndur og sár eru djúp.
- Öll beinbrot. Sama hversu lítil þau virðast vera. Komi í ljós að grunur um beinbrot er ekki réttur og barnið aðeins tagnað illa þá er óþarfi að gera lögregluskýrslu.
- Tannáverkar. Alla áverka á tönnum þar sem spurning er um að fullorðinstennur hafi skaddast, dottið úr, brotnað eða losnað.
- Augnáverkar. Alla alvarlega augnáverkar t.d. skerðingu sjónar.
- Klemmuáverkar. Ef fingur fer af eða hangir á húðþjötlun svo dæmi sé tekið.



5. Sálræn skyndihjálp (fyrsta hjálp)

Framkvæmd sálrænnar skyndihjálpar

1. Stöðvum hættuna saman!

Gætum þess að hótun eða hætta sé ekki lengur til staðar, t.a.m. með því að jafna ágreining, dreifa athyglinni eða kalla á aðstoð. Starfsfólk verður að vinna saman ef beita þarf líkamlegu inngripi (sjá 6. viðbragðsáætlun).

2. Veitum óvenjulegri hegðun athygli

Ofsahræðsla, áhyggjur og ofsakvíði

Árásargirni

Ranghugmyndir

Reiði

3. Upphaf samskipta

Finnum laust herbergi og segjum að samtalið taki ekki mjög langan tíma.

4. Spyrjum um staðreyndir, skráum atvikið (Hægt er að nota atvikaskráningarblað sem fylgir með í þessum pakka) og ástundum virka hlustun

Forðumst að ...

- segja að hægt hefði verið að gera hlutina öðruvísi
- tala um eigin reynslu
- grínast og/eða draga úr atvikinu

5. Virkjum verkferla

Upplýsum stjórnanda um atvikið um leið og hægt er. Upplýsum viðmælanda um viðbragðsáætlun, hvað skuli gert, hvenær og af hverjum?

- Fylgjum samstarfsfólki á bráðamóttöku eða heim ef þörf er á.
- Höfum samband við nánustu ættingja.
- Aðstoðum við að tilkynna vinnuslys til Vinnueftirlitsins, Sjúkratrygginga Íslands, lögreglu og tryggingafélags eftir því sem við á.

Frekari upplýsingar:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2135/3898.pdf>

<https://www.raudikrossinn.is/verkefni/innanlandsverkefni/heilbrigdi-og-velferd/salraen-fyrsta-hjalp/>



6. Forvarnir – starfsmannafundur (hluti af forvarnaráætlun)

Leiðarvísir fyrir stjórnendur

Stjórnendur geta fundað með starfsfólki, lagt inn kveikju (hægt að nota [upplýsingar um ofbeldi og hótanir í skólum](#)) og nýtt spurningarnar hér neðar². Ræða þarf mögulega áhættuþætti, hvernig vinnustaðurinn og starfsfólk geti komið í veg fyrir og tekist á við hótanir og ofbeldi. Neðst á blaðsíðunni er svæði sem stjórnandinn getur notað til að skrifa niðurstöður úr samræðunum og setja á blað ákveðin viðbrögð eða leiðbeiningar sem styðja forvarnir og viðbrögð við atvikum.

Starfsmannafundur - leiðbeiningar

1. Takið eina spurningu í einu og ræðið hvernig hún á við í skólanum (starfsstöðinni). Skiptið fólki í hópa eða skrifið hugmyndir starfsfólks niður. (Fer eftir fjölda) (Ath. sp. 8. og 9. – munur gæti verið á hvaða fræðslu starfsfólk og/eða kennarar óska eftir)
2. Ljúkið með stuttum umræðum um það hvað stjórnandi getur gert/veitt athygli, og skrifið hugmyndirnar niður (sp. 10)

Spurningar fyrir umræður

1. Hvenær upplifðum við síðast að tekist var á við/dregið úr óþægilegu atviki á jákvæðan hátt? Hvernig var það gert?
2. Hvernig leysum við ágreining? Hvað hefur reynst vel?
3. Hvenær og hvers vegna upplifum við sérstakar áskoranir í samskiptum við nemendur?
4. Hvernig komum við í sameiningu í veg fyrir ágreining?
5. Hvernig höldum við aga? Hvað hefur reynst vel við agastjórnun?
6. Hvenær þarf að beita líkamlegu inngripi? Er einhver innan hópsins sérþjálfaður í þeim viðbrögðum? Þarf að kalla eftir þjálfun?
7. Hver eru okkar mörk þegar kemur að hótunum og ofbeldi? Hvenær er of langt gengið?
8. Hvaða fræðslu kallar starfsfólkið eftir?
9. Hvaða fræðslu kalla kennararnir eftir?
10. Hvað getum við sem stjórnendur gert eða veitt athygli?

Samræður okkar gefa tilefni til að ég sem stjórnandi...

T.d.:

- Veiti meira fjármagn í...
- Taki þetta mál upp á fundum og þess háttar...
- Útbúi viðbragðsáætlun fyrir...
- Leggi meiri áherslu á...
- Útbúi forvarnaráætlun

² Sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfismálum getur flutt erindi um viðbrögð við ofbeldi í skólum bæði stað- og fjarerindi. Getur verið upphaf forvarnavinnunnar.

